

REGLUGERÐ

um bann við hvalveiðum á tilteknum svæðum.

1. gr.

Frá gildistöku reglugerðar þessarar eru allar hvalveiðar bannaðar á eftirgreindum svæðum:

A.

Á Faxaflóa innan línu sem dregin er milli eftirgreindra punkta:

1. 64°04,90' N - 22°41,4' V (Garðskagavita).
2. 64°46,60' N - 22°36,3' V (Skógarnes).

B.

Á Eyjafirði og Skjálfandaflóa innan línu sem dregin er milli eftirgreindra punkta:

1. 66°11,6' N - 18°49,3' V (Siglunesviti).
2. 66°17,8' N - 17°06,8' V (Lágey).
3. 66°12,4' N - 17°08,7' V (Tjörnesviti).


2. gr.

Brot á ákvæðum reglugerðar þessarar varða viðurlögum samkvæmt 10. gr. laga nr. 26/1949, um hvalveiðar, með síðari breytingum.


3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 4. gr. laga nr. 26/1949, um hvalveiðar, með síðari breytingum. Reglugerðin öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur brott reglugerð nr. 997/2017, um bann við hvalveiðum á tilteknum svæðum.

Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu, 29. nóvember 2017



Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir.
sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra



Kristján Skarphéðinsson.